

TILKYNNING UM INNKÖLLUN Á VÖRU



Reykjavík 10. maí 2019

Frá: Rotissier ehf.
Efni: Innköllun á Chili Con Carne vegna aðskotahlutar (málmbútur)

Rotissier hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, innkallað tilbúna „Chili con carne“ rétti sem seldir eru undir merkjum HAPP í matvöruverslunum. Ástæðan er að fyrirtækinu barst ábending um að málmhlutur hafi fundist í einum rétti. Allir „Chili con carne“ réttir frá HAPP hafa nú verið fjarlægðir úr verslunum. Innköllunin er framkvæmd til að gæta fyllstu varúðar með hag neytenda í huga, en líklegt er að um eitt einangrað tilvik að ræða. Viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki heldur skila í verslanir eða farga.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörunar sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki:	HAPP
Vöruheiti:	Chili Con Carne
Best fyrir:	Dagsetning: 11. júlí 2019
Strikamerki:	5694230 224981
Nettóþyngd:	700 g
Lýsing á vöru:	Kjötréttur í krukku
Framleiðandi:	Rotissier ehf.
Dreifing:	Valdar verslanir Krónunnar

Viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í verslunina þar sem hún var keypt.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá Rotissier í síma 8200019 eða netfanginu urvals@simnet.is